

Reglur um skólaakstur í Skaftárhreppi

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Reglurnar gilda jafnframt um akstur leikskólabarna eins og við getur átt..

1. Ábyrgð:

1.1.

Skaftárhreppur ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

2. Sveitarfélag/skóli - leikskóli:

2.1.

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Skólaakstur skal einnig nýttur til að flytja leikskólabörn í Heilsuleikskólann Kærabæ, enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki. Um akstur leikskólabarna gildir jafnframt:

- Foreldrar leikskólabarna skulu óska eftir þjónustunni fyrir 1. ágúst vegna komandi vetrar.
- Leikskólabarn skal hafa náð 3ja ára aldri.
- Þau skulu sitja í viðurkenndum bílstólum sem foreldrar útvega og bera kostnað af.
- **Foreldrar skulu sjálfir koma með barn í leikskólann að minnsta kosti tvisvar sinnum í mánuði í upphafi kennsluviku og ná í það í tvisvar sinnum í vikulok, er þetta gert til að halda góðum tengslum við leikskólann.**
- Bílstjórar skólabíla skila leikskólabörnum í umsjá starfsmanns leikskóla að morgni, jafnan eftir skil grunnskólabarna. Þegar börnin eru sótt síðdegis fylgir skólabílstjóri þeim frá forstofu leikskóla í skólabíl, jafnan áður en grunnskólabörn eru sótt.

2.2.

Daglegur skólaakstur er samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur fyrir hvert skólaár í samræmi við kennsluskipan. Fjöldi barna getur verið breytilegur á milli ára. Skólastjóra er heimilt að breyta fyrirkomulagi heimaaksturs þannig að verktaki geti ekið öðrum börnum heim en komu með honum í skóla um morguninn þó þannig að ekki sé um að ræða lengingu viðveru barna í skólabifreið.

2.3.

Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur.

3. Bifreiðastjórar/verktakar:

3.1.

Bifreiðastjórar skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Verktaka er skylt að tryggja að viðeigandi gögn séu lögð fram árlega til staðfestingar.

3.2.

Bifreiðastjórar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabifreið svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bifreiðastjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra.

3.3.

Bifreiðastjóri heldur uppi aga í skólabifreið og gætir þess að skólareglum Kirkjubæjarskóla sé fylgt í bifreiðinni. Bifreiðastjóri sér um að börn setji á sig öryggisbelti. Bifreiðastjóri skulu vera snyrtilegir til fara.

3.4.

Ekki er heimilt að skipta um bifreiðastjóra, skólabifreiðar nema skólastjóri sé upplýstur um það með hæfilegum fyrirvara. Gert er ráð fyrir að verktaki sé að öllu jöfnu bifreiðastjóri en þó er heimilt að semja um annað.

3.5.

Verktaki skal sjá til þess að bifreið sú sem notuð er til skólaakstursins uppfylli öll ákvæði laga, reglugerða og settra reglna um gerð, búnað og merkingu sem í gildi eru á hverjum tíma um skólabifreiðar. Kostnað við breytingar sem upp kunna að koma vegna breyttra laga, reglugerða og settra reglna um gerð og búnað hennar, skal eigandi bera sjálfur. Allar bifreiðar sem notaðar eru til að aka nemendum á vegum skólans verða að hafa **þriggja punkta** öryggisbelti í öllum sætum. Bifreiðar sem notaðar eru til aksturs á skólabörnum skulu vera snyrtilegar, loftgóðar og reyklaugar.

3.6.

Bifreiðastjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki eða að sleppa einhverjum bæjum ef aðstæður eru viðsjáverðar. Slík ákvörðun er tekin í samráði við skólastjóra. Skólastjóri getur eftir atvikum óskað eftir að skólaakstri sé flýtt eða seinkað vegna veðuraðstæðna.

3.7.

Komu- og brottferðartímar eiga að vera ákveðnir og stundvísi mikilvæg. Bifreiðastjóri skal haga akstri þannig að nemendur komi á tilsettum tíma í skólann, ekki of seint og ekki heldur of snemma til að forðast aukinn biðtíma. Bifreiðastjórar skulu að jafnaði ekki sinna einkaerindum meðan börnin eru í bílnum né láta slík erindi seinka ferðum.

3.8.

Skólabifreiðar eiga fasta biðstöð á skólalóð og þar er bannað að bakka.

3.9.

Verði slys skal bifreiðastjóri strax hafa samband við lækni, lögreglu og skólastjóra. Í vondu veðri má bifreiðastjóri ekki sleppa nemendum úr augsyn fyrir en börn eru komin í öruggt skjól.

3.10.

Bifreiðastjóri gætir þess eftir mætti að hafa opin farsíma yfir daginn ef breyta þarf áætlun. Bifreiðastjórum er skylt að nota handfrjálstan búnað fyrir farsíma á meðan akstri standur.

4. Farþegar/foreldrar:

4.1.

Foreldrum er skylt að láta bifreiðastjóra vita tímanlega ef nemandi forfallast og þarf ekki á skólaakstri að halda.

4.2.

Nemendur skuli vera tilbúnir til að fara upp í skólabifreið þegar hún kemur á morgnana.

4.3.

Neysla sælgætis og gosdrykkja í skólabifreiðum er óheimil nema með leyfi bifreiðastjóra. Neysla tóbaks, áfengis og annara vímuefna er með öllu óheimil í skólabifreiðum.

4.4.

Sýna ber samferðarfólki kurteisi og tillitssemi í skólabifreiðum.

4.5.

Ef foreldrar hafa áhuga á að senda barn sitt sem „gest“ með skólabifreið skal ræða þá fyrirætlan við skólabifreiðastjóra og fá samþykki hans fyrir aukafarþega.

4.6.

Starfsmenn Kirkjubæjarskóla geta nýtt sér ferðir skólabifreiðar að fengnu samþykki skólabifreiðastjóra.

4.7.

Bifreiðastjórar eru ekki skyldugir til að taka aukafarangur svo sem hjól nemenda með í skólabifreiðum.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar Skaftárhrepps 18. apríl 2023.

Staðfest af sveitarstjórn Skaftárhrepps á 491. fundi sínum þann 23. apríl 2023.

